

1923

Fimmtudaginn 24. ágúst 1995.

Nr. 284/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Heiðari Þór Guðmundssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. ágúst sl., sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili hefur einnig kært úrskurðinn og krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 29. ágúst 1995, eins og krafist var í héraði.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að þeim brotum, er um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður krafa sóknaraðila tekin til greina og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 29. ágúst 1995.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Heiðar Þór Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 29. ágúst 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. ágúst 1995.

Ár 1995, laugardaginn 19. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. 130758-6499, Mánagötu 3, Grindavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 29. ágúst 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn kl. 4.04 sl. nótt af lögreglunni í Reykjavík í kjölfar þeirrar tilkynningar frá lögreglunni í Kópavogi þá fyrr um kvöldið, að kærði hefði komið inn á heimili barna sinna að Hringbraut 50, Hafnarfirði, með afsagaða haglabyssu og skotfæri. Vopnaðir sérsveitarmenn leituðu kærða um kvöldið. Einnig var RLR að leita hans vegna grunar um innbrot að undanfögnu. Kærði var handtekinn í bifreiðinni Y-525 á Haðarstíg, skömmu eftir að hann fór á brott úr veitingastaðnum Hafnarkránni í Hafnarstræti. Í bifreiðinni fannst afsöguð haglabyssu, og var hún hlaðin. Í bifreið þeirri, sem kærði kom á að heimili barna sinna, fannst haglabyssu og ýmiss konar skotfæri. Í bílnum fundust tékkar og annað þýfi úr innbroti í Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi, 17. ágúst sl.

Rannsókn lögreglunnar beinist að innbrotum, sem framin voru á tímabilinu 11. til 17. ágúst sl. og hún hefur haft til rannsóknar undanfarið. Um er að ræða eftirfarandi innbrot:

Innbrot, sem framin voru í bankaútibúi Landsbankans og útibúi Pósts og síma í Pykkvabæ, Rangárvallasýslu, á tímabilinu 11. ágúst til 14. ágúst sl. Þjófnum tókst ekki að opna peningaskáp, en í póstafgreiðslunni komust þjófarnir yfir frímerki fyrir u. þ. b. 200.000 kr.

Innbrot í Hótel Bifröst í Borgarfirði aðfaranótt 16. ágúst sl., en þaðan var stolið fjárhæð, sem nemur u. þ. b. 420.000 krónum og leðurskjalatösku.

Innbrot í Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Hólmavík aðfaranótt 17. ágúst sl., en þaðan var stolið fjármunum, sem nema u. þ. b. 400.000 krónum, tóbaki að verðmæti u. þ. b. 316.000 krónum, haglaskotum og fleira.

Þrjú innbrot á Drangnesi aðfaranótt 17. ágúst sl., nánar tiltekið í Kaupfélag Steingrímsfjarðar, bensínafgreiðslu Skeljungs og Hraðfrystihús Hólmadrangs hf. Í þessum þremur innbrotum var stolið fjármunum, að verðmæti u. þ. b. 350.000 kr., og verðmætum tækjum, svo sem tölvu og tölvuprentara.

Kærði er grunaður um að hafa framið ofangreind innbrot ásamt Tómasi Jakobi Sigurðssyni, sem nú sætir gæsluvarðhaldi. Kærði hefur viðurkennt að hafa verið á ferðalagi fyrir vestan með Tómasi fyrir u. þ. b. tveimur til þremur dögum. Hann hefur neitað aðild að þeim innbrotum, sem honum eru gefin að sök.

Um klukkan 18.00 í gær, föstudaginn 18. ágúst, lagði RLR hald á gífurlegt magn þýfis, sem lögreglan fann í kjallaraherbergi, er hún segir kærða hafa aðsetur í að Stóragerði 10, og er búið að bera kennsl á hluti, sem stolið var í innbroti í Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík, og Hraðfrystihús Hólmadrangs hf., Drangnesi, 17. ágúst sl. Einnig fannst þar gróseðill vegna stöðumælasektar á bifreiðina OV-633, en til ferða þeirrar bifreiðar

sást í Borgarfirði aðfaranótt 16. ágúst sl. og á Hólmavík og Ströndum 17. ágúst. Á þröskuldi, þar sem gengið er inn í herbergið, fannst hluti af skófari sömu gerðar og skóför, sem RLR hefur fundið á innbrotsvettvangi í Pykkvabæ, Drangnesi og Hólmavík.

Á veitingastaðnum Hafnarkránni lagði lögreglan í gær, 18. ágúst, hald á stóra svarta ferðatösku, sem full var af tóbaki. Bjarni J. Bogason rannsóknarlögreglumaður hefur borið kennsl á töskuna sem eina af þeim töskum, er stolið var í innbroti í Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík, 17. ágúst sl. Við yfirheyrslur hjá RLR í dag kvaðst barþjónn á Hafnarkránni, Hafþór Ingi Samúelsson, hafa fengið töskuna ásamt tveimur öðrum töskum og einum trékassa frá kærða til geymslu. Í tveimur af töskunum var mikið magn af vindlingalengjum.

Fyrir réttinum hefur kærði viðurkennt að hafa verið á bifreiðinni KU-494, Subaru-Justy, í gærðag og aðeins fram á kvöldið. Kveðst hann hafa fundið þá muni, sem fundust í bifreiðinni, í herberginu að Stóragerði 10 og freistast til að taka þá með sér. Hann hefur enn fremur borið, að taskan, sem fannst á Hafnarkránni í gær, hafi verið einn þeirra muna. Kærði hefur neitað því, að hann hafi aðsetur í umræddu herbergi, en segist hafa komið þangað áður með Tómasi.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og er m. a. eftir að hafa uppi á einhverju þýfi, einkum peningum, þótt tölverður hluti þess sé fundinn. Skýring kærða á ferðum sínum fyrir vestan ásamt Tómasi, sem er einnig grunaður um aðild að innbrotunum, er óljós, og neitun hans við því, að hann hafi umráð yfir herberginu að Stóragerði 10, þykir ótrúverðug í ljósi skýrslu deildarfulltrúa Rannsóknarlögreglu ríkisins, Hannesar G. Thorarensen, þar sem fram kemur, að í gær, þegar rannsóknarlögreglumenn voru í kjallara-herberginu að Stóragerði 10, hafi tveir menn komið þangað þeirra erinda að heimsækja Heiðar Þór Guðmundsson.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og rannsóknargagna málsins þykir grunur lögreglu um aðild kærða að framangreindum brotum rökstuddur. Þessi brot varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og gætu því varðað kærða fangelsi. Ástæða þykir til að ætla, að kærði gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða með undanskoti þess þýfis, sem lögreglan leitar enn að, ef hann væri frjálfs ferða sinna.

Samkvæmt a-lið 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir því rétt að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, en þó þannig, að kærði sitji eigi lengur inni en til föstudagsins 25. ágúst nk. kl. 17.00.

Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

1926

Úrskurðarorð:

Kærði, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. ágúst nk. kl. 17.00.
